



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Djúpavogshreppur  
Páll Jakob Líndal  
Bakka 1  
765 Djúpivogur

Reykjavík 29. apríl 2020  
MÍ202003-0143/ 6.08 / K.M.

**Efni: Lagning ljósleiðara um Djúpavogshrepp frá sveitarfélagsmörkum í norðri að Djúpavogi. Breyting á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020.**

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps frá 27. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Breytingin varðar lagningu ljósleiðara frá sveitarfélagsmörkum Djúpavogshrepps í norðri að Djúpavogi.

Í greinargerð með tillögunni segir að ljósleiðarinn verði lagður frá sveitarfélagsmörkum við Breiðdalshrepp í norðri, inn með Berufjarðarströnd að Hamraborg þar sem sjólögn tekur við yfir Berufjörð. Landtak sunnan Berufjarðar verður í Hellisvík nokkru utan við Framnes. Frá landtakinu er gert ráð fyrir að ljósleiðarinn liggja inn að tengivirki RARIK í landi Teigarhorns. Þar mun ljósleiðarinn liggja samsíða vatnslögn Djúpavogshrepps eins og kostur er.

Í greinargerðinni kemur fram að gert sé ráð fyrir að ljósleiðarinn verði plægður niður og í einhverjum tilvikum gæti komið til fleygunar við lagningu hans.

Í kafla 2.2 í greinargerðinni er fjallað um kynningu og samráð við undirbúning aðalskipulagsbreytingarinnar. Þar kemur fram að ákvarðanir um staðsetningu lagnaleiðarinnar voru unnar í samráði við minjavörð Austurlands. Umsögn barst frá Minjastofnun um lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar, dags. 22.11.2019.

Fjallað er um menningarminjar í kafla 4.4 í greinargerð tillögunnar. Eins og þar kemur fram voru fornleifar skráðar á fyrirhugaðri lagnaleið ljósleiðarans. Fyrir liggur skýrsla Fornleifafræðistofnunnar, *Fornleifaskráning í Berufirði vegna fyrirhugaðs ljósleiðara*. Samtals voru sex fornleifar skráðar, allar norðan Berufjarðar. Einar fornleifar eru taldar vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þrjár í talsverðir hættu og tvær í lítilli hættu. Í kafla 5.1 í greinargerðinni er greint frá því að á árinu 2019 hafi verið unnið að lagningu ljósleiðarans

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

frá sveitarfélagsmörkum í norðri að landtaki norðan Berufjarðar. Ljósleiðarinn hefur því þegar verið lagður á því svæði þar sem fornleifarnar sex fundust.

Árið 2015 skráðu starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands ses fornleifar í landi Teigarhorns. Sama ár kom ú skýrsla, *Fornleifaskráning í landi Teigarhorns*.

Í kafla 6 í greinargerð tillögunnar er fjallað um umhverfismat. Þar segir að við mat á umhverfisáhrifum tillögunnar hafi lagning ljósleiðara frá landtaki í Hellisvík, um land Djúpavogshrepps og fólkvangsins á Teigarhorni, að tengivirki í landi Teigarhorns verið skoðuð. Menningarminjar voru meðal þeirra umhverfisþátta sem teknir voru til skoðunar í umhverfismatinu. Niðurstaða matsins var að lagning ljósleiðara um fólkvanginn á Teigarhorni kunni að hafa óveruleg neikvæð áhrif á fornleifar. Í töflu 3 er fjallað um helstu þætti sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna lagningar ljósleiðara frá sveitarfélagsmörkum í norðri að Djúpavogi. Þar segir m.a.: *Fornleifaskráning hefur farið fram. Vinna þarf náið með Minjastofnun til að tryggja farsæla framvindu. Minjastofnun telur heilshugar undir þetta og er fús til samstarfs um næstu skref í málinu.*

Minjavörður Austurlands veitti umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar með bréfi til sveitarfélagsins, dags. 22.11.2019, eins og áður segir. Þar kemur fram að samráð hafi verið haft við Minjastofnun varðandi áform um lagningu ljósleiðara í Berufirði og að mögulega myndi stofnunin kalla eftir smávægilegum breytingum á strengleiðinni til verndar fornleifum en að það verði tekið fyrir í umsögn hennar um framkvæmdina.


Eins og fram kemur í kafla 6.4 í greinargerð breytingartillögunnar liggur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna lagningar ljósleiðara innan náttúruvættisins á Teigarhorni frá því fyrr á þessi ári. Minjastofnun veitti umsögn um fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdarinnar með bréfi dags. 29.10.2019. Umsögnin byggði á fyrri umsögnum minjavarðar Austurlands um fyrirhugaða lagningu ljósleiðar innan náttúruvættisins. Minjastofnun taldi að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum að því gefnu að gengið yrði að þeim kröfum sem minjavörður Austurlands hafi áður sett fram í sinni umsögn.

Þess má að lokum geta að minjavörður Austurlands hefur verið í samskiptum við Orkufjarskipti vegna lagningu sæstrengs yfir Berufjörð. Fyrir liggur umsögn minjavarðarins frá 24. apríl s.l. Þar kemur fram að strengjaleiðin á botni Berufjarðar verður mynduð áður en framkvæmdir við lagningu strengsins hefjast. Farið er fram á að fornleifafræðingur með reynslu af neðansjávarransóknum verði viðstaddur myndatökuna til að hægt sé bregðast strax við ef þörf þykir á vettvangi. Með því verði

hægt að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir raski ef þær koma í ljós við myndun svæðisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 vegna lagningu ljósleiðara frá sveitarfélagsmörkum Djúpavogshrepps í norðri að Djúpavogi. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsfulltrúi ([skipulag@djupivogur.is](mailto:skipulag@djupivogur.is))